

## FUNDARBOÐ

**1820. fundur bæjarstjórnar Hafnarfjarðar  
verður haldinn í fundarsal bæjarstjórnar Hafnarborg, 6. febrúar 2019 og  
hefst kl. 14:00**

### Dagskrá:

#### Almenn erindi

##### 1. 1701084 - Hamranes I, nýbyggingarsvæði

2.liður úr fundargerð skipulags- og byggingarráðs frá 29.janúar sl.  
Lögð fram skipulagslýsing í samræmi við 36.gr. skipulagslaga vegna fyrirhugaðrar  
uppbyggingar á Hamranessvæðinu. Samkvæmt gildandi aðalskipulagi  
Hafnarfjarðar 2013-2025 breytist landnotkun svæðisins úr Verslunar- og  
þjónustusvæði (VP11), Samfélagsþjónusta (S34) í Miðsvæði.

Skipulags- og byggingarráð samþykkir fyrir sitt leyti framlagða lýsingu dags.  
24.01.2019 og að málsmeðferð verði í samræmi við 30.gr. skipulagslaga nr.  
123/2010. Jafnframt leggur skipulags- og byggingarráð til við bæjarstjórn að hún  
samþykki framangreinda skipulagslýsingu vegna breytingu á aðalskipulagi  
Hafnarfjarðar 2013-2015.

##### 2. 1602144 - Þéttingarsvæði, deiliskipulag

4.liður úr fundargerð skipulags- og byggingarráðs frá 29.janúar sl.  
Skipulagsfulltrúa var falið á fundi skipulags- og byggingarráðs þann 9.1.2018 að  
hefja vinnu við skipulagslýsingar er taka til breytinga á Aðalskipulagi Hafnarfjarðar  
2013-2025 og þeirra svæða sem koma til greina eins og þau eru kynnt í  
minnisblaði 3 dags. 20.9.2018. Lögð fram drög að skipulagslýsingu dags. jan.  
2019.

Skipulags- og byggingarráð samþykkir fyrir sitt leyti framlagða lýsingu á  
þettingarsvæðum dags. jan. 2019 og að málsmeðferð verði í samræmi við 30. gr.  
skipulagslaga nr. 123/2010. Jafnframt leggur skipulags- og byggingarráð til við  
bæjarstjórn að hún samþykki framangreinda skipulagslýsingu vegna breytingu á  
aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2015.

##### 3. 1901342 - Suðurgata 35b, breyting á deiliskipulagi

5.liður úr fundargerð skipulags- og byggingarráðs frá 29.janúar sl.  
Afgreiðslufundur skipulags- og byggingarfulltrúa 23.1.2019 vísaði erindi Davíðs  
Snæs Sveinssonar til skipulags- og byggingarráðs. Umsókn barst 22. janúar 2019  
um breytingu á deiliskipulagi er nær til lóðarinnar við Suðurgötu 35B. Með  
erindinu er uppdráttur Yddu arkitekta er gerir grein fyrir breytingunum.

Skipulags- og byggingarráð samþykkir að auglýsa deiliskipulagsbreytinguna skv.

1.mgr. 43. gr skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagsbreytingin verður auk þess kynnt aðliggjandi lóðarhöfum. Jafnframt leggur ráðið til við bæjarstjórn að erindið verði auglýst skv. 1. mgr. 43.gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

#### **4. 1901438 - Vatnsvernd höfuðborgarsvæðisins, fyrirspurn**

6.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 29.janúar sl. Þann 24. janúar barst erindi frá Vegagerðinni þar sem óskað er eftir afstöðu Hafnarfjarðarbæjar vegna fyrirhugaðrar lokunar syðri hluta Bláfjallavegar, suður undir Leiðarenda, og lagfæringar á norðurhluta Bláfjallavegar.

Skipulags- og byggingarráð vísar erindinu til afgreiðslu bæjarstjórnar.

#### **5. 1811266 - Norðurrella 1, breyting á deiliskipulagi**

8.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 29.janúar sl. Tekin fyrir á ný breyting á deiliskipulagi sem felur í sér að byggingareit er snúið um 90° og að heimilt verði að reisa skjólgirðingu við vörumóttöku, utan byggingareits, og að hæð girðingar geti verið allt að 2,1m. Jafnframt er óskað eftir heimild til að koma fyrir nýrri aksturstengingu inn á lóðina frá Hraunhelli.

Skipulags- og byggingarráð samþykkir fyrir sitt leyti framlagða tillögu að deiliskipulagsbreytingu dags. í jan. 2019 og að málsmeðferð verð í samræmi við 1.mgr. 43.gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Jafnframt leggur skipulags- og byggingarráð til við bæjarstjórn að hún samþykki framangreinda breytingu á deiliskipulagi Norðurrellu 1.

#### **6. 1812055 - Skýjalausnir í skólastarfi**

1.liður úr fundargerð fræðsluráðs frá 30.janúar sl. Lagt fram til samþykktar.

Fræðsluráð samþykkir fyrirbyggjandi reglur um skýjalausnir í skólastarfi og vísar drögum til frekari samþykktar í bæjarstjórn Hafnarfjarðar.

#### **7. 1808075 - Fjárhagsáætlun Hafnarfjarðarkaupstaðar og fyrirtækja hans 2019 og 2020-2022**

2.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 31.janúar sl. Bæjarráð samþykkir fyrirbyggjandi viðauka við fjárhagsáætlun 2019 og vísar til afgreiðslu í bæjarstjórn. Fulltrúar Samfylkingarinnar og Viðreisnar sitja hjá.

Fulltrúar Samfylkingarinnar og Viðreisnar leggja fram svohljóðandi bókun:

Undirrituð gera athugasemd við að verið sé að leggja fram viðauka vegna endurbóta á St. Jó. á þessum tímapunkti. Innan við tveir mánuðir eru síðan fjárhagsáætlun var samþykkt þar sem einungis var gert ráð fyrir átta milljónum í framkvæmdir á árinu 2019. Fulltrúar minnihlutans gerðu við það athugasemdir strax við fyrri umræðu um miðjan nóvember. Það hefði öllum mátt vera ljóst að meira þyrfti að leggja í endurbætur á húsinu á þessu ári.

Adda María Jóhannsdóttir

Jón Ingi Hákonarson

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks og Framsóknar og óháðra leggja fram svohljóðandi bókun:

Lögð er áhersla á að breytingin á fjárhagsáætlun sem nú er gerð með

fyrirliggjandi viðauka leiðir ekki til hækkunar á fjárfestingaáætlun heldur er einungis um tilfærslu milli verkefna á framkvæmdasviði að ræða. Viðauki er gerður og lagður fram til útskýringar á þeirri tilfærslu.

**8. 1901366 - Suðurhella 8H, stofnun lóðar, umsókn um lóð**

6.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 31.janúar sl.

Umsókn HS veitna hf um lóðina Suðrhellu 8H fyrir dreifistöð.

Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að úthluta lóðinni Suðrhellu 8H til HS Veitna hf.

**9. 18129560 - Auðlindagarður í Krýsuvík**

Til umræðu

**10. 1806356 - Fjölgun úrræða fyrir fólk með heilabilun**

Til umræðu

**Fundargerðir**

**11. 1901147 - Fundargerðir 2019, til kynningar í bæjarstjórn**

Fundargerð fjölskylduráðs frá 1.febr.sl.

Fundargerð bæjarráðs frá 31.janúar sl.

a. Fundargerð hafnarstjórnar frá 23.janúar sl.

b. Fundargerð heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis frá 28.janúar sl.

c. Fundargerð stjórnar SORPU bs. frá 18.janúar sl.

d. Fundargerð stjórnar SSH frá 14.janúar sl.

e. Fundargerð stjórnar Strætó bs. frá 11.janúar sl.

Fundargerð umhverfis- og framkvæmdaráðs frá 30.janúar sl.

a. Fundargerð stjórnar SORPU bs. frá 18.janúar sl.

b. Fundargerð stjórnar Strætó bs. frá 11.janúar sl.

Fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 29.janúar sl.

Fundargerð fræðsluráðs frá 30.janúar sl.

a. Lögð fram fundargerð íprótta- og tómstundanefndar frá 23.janúar sl.

Fundargerð forsetanefndar frá 4.febr. sl.

Rósa Guðbjartsdóttir bæjarstjóri